



eins og Jesús

BETA

styrkur minn er jafnmikill
og samband mitt við Jesús **01**

?

vissir þú að...

Það að lifa kristnu lífi er eins og sjónvarp í sambandi

Ef þú ert að horfa á sjónvarpið og einhver tekur sjónvarpið óvart úr sambandi hverfur myndin á skjánum um leið. Ef þú vilt hljóð og mynd verðurðu alltaf að hafa straum á sem er helst í ákveðnu magni. Þess vegna er þetta samband svona mikilvægt. Það tengir orkubirgðina við sjónvarpið.

Það að lifa kristnu lífi er ekki eins og að ganga fyrir rafhlöðum

Ef þú átt leikfangabil sem gengur fyrir endurhlaðanlegum rafhlöðum þarftu að hlaða rafhlöðurnar áður svo að bíllinn gangi. Þegar rafhlöðurnar tæmast verðurðu að setja þær í samband í hleðslutækið. Sumt kristið fólk heldur að lífið með Guði sé einmitt svona, að það eigi að hlaða rafhlöðurnar með Guði á morgnanna með því að biðja og lesa í Biblíunni og svo endurhlaða þær seinna. En það getur verið hættulegt að hugsa þetta svona.

Jesús segir að við séum greinarnar á vínviðnum

Jesús er vínviðurinn og við erum greinarnar. Þegar við erum tengd (eins og sjónvarpið) og eðli Hans getur streymt frá Honum í okkur, berum við sjálfkrafa ávöxt, vegna þess að lyndiseinkunn Hans er núna inn í okkur. En við verðum að vera alltaf í sambandi við vínviðinn, því strax og við missum sambandið getur enginn straumur streymt í okkur. Þegar þetta gerist horfumst við í augu við þá hættu að við erum að reyna að lifa kristnu lífi, án þess að fá kraft frá Guði.





sögulegar staðreyndir

Jesús lýsir sambandi okkar við Hann eins og greinum á vínvíði. Lyndiseinkunn Hans streymir frá Honum til okkar, en aðeins ef við erum tengd Honum. Í Jh.15:1-17 segir Jesús frá fjórum tengipunktum, punktum þar sem við erum tengd Honum svo að lyndiseinkunn Hans streymir sífellt til okkar.

1. Áður en við hefjumst handa er hér ein spurning. Hvert er markmiðið þess að tengjast Jesús og hverjar eru afleiðingarnar? (vers 8)

2. Að tengjast huga Jesú – í rannsókn á orðum Hans. Skoðaðu hvernig Jesús notar orðin „orð“ eða „boðorð“ í þessum versum. Hvað er Hann að reyna að segja lærisveinum sínum?

3. Að tengjast hjarta Jesú – í gegnum samskipti við Hann. Hvaða þrjú orð notar Jesús aftur og aftur til þess að tala um innilegt samband við Guð, í eftirfarandi versum?

9-10 _____

11 _____

14-15 _____

4. Að tengjast vilja Jesú – með því að beygja okkar vilja undir Hans. Hversu oft er orðið „ef“ notað í þessum versum og hvers vegna?

5. Að tengjast verkum Jesú – með því að taka þátt í þjónustu Hans. Hvað segir Jesús að við þurfum að vera viljug til að gera þegar við þjónum öðrum? (vers 12, 13) Hversu þægilegt eða auðvelt heldur þú að sú þjónusta sé fyrir þig?



hugsum málið

1. Hvernig hefur samband þitt við Jesú verið nýlega – í stöðugu sambandi eins og sjónvarp eða meira eins og bíll knúinn af rafhlöðum?
2. Í hversu miklu sambandi hefur þú nýlega verið við huga, hjarta, vilja og verk Guðs? Hvað er auðveldast fyrir þig? Hvað hefur verið erfiðast?
3. Er eitthvað sem hindrar þig í því að tengjast Guði nánar, eitthvað sem að þú þarft að taka á?

Það sem mig langar að muna:



Venjur til að endurspegla Jesú ~ mat mitt á sambandi mínu við Jesú

Illgresi getur vaxið í garðinum okkar án nokkurar hjálpar, frá okkur, en eins og sérhver garðyrkjumaður veit vaxa falleg blóm ekki fyrir tilviljun. Rósir og önnur blóm verður að snyrta, setja áburð á og fjarlægja illgresið.

Þannig er það líka í trúarlífinu. Eins og við tókum eftir í síðustu lexiu, vöxum við ekki í trú fyrir tilviljun. Við þurfum að vera varfærin og velta því fyrir okkur hvernig og hvar við vöxum.

Til að hjálpa okkur að styrkja samband okkar við Jesú í framtíðinni og bera góðan ávöxt getur það verið gagnlegt að meta líf okkar með Guði reglulega. Eins og alltaf biðjum við Heilagan Anda að leiða okkur, því án Hans getum við ekki séð ástand okkar greinilega.

Þú skalt verja smá stund í að biðja um visku Heilags Anda. Svaraðu síðan spurningunum, „Tengipunktamat: Hversu gott samband á ég við Jesús?“

Þegar þú hefur lokið við það, veltu þá fyrir þér eftirfarandi spurningum.

1. Hverjir eru sterkustu tengipunktur mínir við Jesú?

2. Hverjir eru veikustu tengipunktur mínir við Jesú?

3. Þarf ég að tala við einhvern um eitthvað sem ég hef uppgötvað?

4. Hvað þarf ég að gera í framtíðinni til að styrkja samband mitt við Jesú?



yfirlit

Í „sögulegar staðreyndir“ litum við á fjóra punkta sem tengja okkur við Jesú. Við tengjumst huga hans, hjarta, vilja og verkum. Við tengjumst huga Jesú þegar við hagnýtum orð Hans í lífi okkar. Við tengjumst hjarta Jesú þegar við upplifum raunverulegt, náð og persónulegt samband við Hann. Við tengjumst vilja Jesú þegar við lærum að taka góðar ákvarðanir í samræmi við Biblíuna og við tengjumst verkum Jesú þegar við tökum þátt í því með Honum að þjóna þeim sem í kringum okkur eru. Við endurspeglum þannig lyndiseinkunn Jesú þegar við erum tengd Honum í öllum fjórum punktum.

Í „hugsum málið“ fékkstu tækifæri til að velta fyrir þér þínu eigin sambandi við Guð. Áskorunin er að lifa lífi þar sem við erum alltaf tengd Jesú, svo að eðli Hans getur stöðugt streymt til okkar.

Í „venjur til að endurspegla Jesú“ fékkstu tækifæri til að skoða samband þitt við Jesú ennþá betur. Það er mjög gagnlegt að verja tíma reglulega tíma í að meta trúarlegan vöxt okkar. Því þú manst að það að endurspegla lyndiseinkunn Jesú gerist ekki fyrir tilviljun!

„Ef við værum í alvöru stöðug í elsku Hans myndum við finna fyrir svo mikilli endurnærð, væntumþykju og hrifningu þegar við færum þaðan, að við myndum flýta okkur til baka til Hans hvenær sem við gætum.“

Bruce Wilkinson



tími minn með Guði

1. Þessa viku skaltu verja smá tíma á hverjum degi til að skoða þessar spurningar sem ganga út frá Jh.15:1-17.
2. Miðað við textann, hver er tilgangur vínviðarins og hvað þýðir það fyrir þig?
3. Geturðu ímyndað þér hvaða vandamál gætu komið upp ef einhver skirðist áður en hann lærir hvernig maður er lærisveinn sem er með náin tengsl við Jesú?
4. Hversu oft talar Jesús um að við verðum að vera „í Honum“, í þessum versum? Hvað er Hann að reyna að kenna okkur, sem viljum vera lærisveinar Hans?
5. Er hægt að þekkja orð Jesú en vera samt ekki í sambandi við Hann? Hvernig er það hægt og hvernig myndir þú hjálpa einhverjum í því ástandi?
6. Vers 8 segir að þegar við berum ávöxt er það Föðurnum til dýrðar. Hvað þýðir það?
7. Ef þú þyrftir að gera þína eigin skilgreiningu á lærisveini Jesú, byggt á þessum versum, hver myndi sú skilgreining vera?



láttu ganga!

Getur þú kennt einhverjum þessa fjóra tengipunkta við Jesú og af hverju þeir eru svona mikilvægir?

*Haldið fast við orð lífsins...
Fl.2:16*



auka hjálp

1. „Secrets of the Vine“ eftir Bruce Wilkinson
2. „Þrá Aldanna“ BLS 505-510
3. www.reflectingJesus.org



Tengipunkturamat

Hversu gott er samband mitt við Jesú?

Almennt

1	Ég get auðveldlega útskýrt hvað það þýðir að vera lærisveinn Jesú.	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála
2	Ég trú í því að það að heiðra Föðurinn í því að endurspegla lyndiseinkunn Jesú sé mikilvægasti tilgangur líf míns.	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála
3	Ég sé að ég hef verið að vaxa í trú nýlega..	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála
4	Ég held að kirkjan mín muni endurspegla lyndiseinkunn Jesú á áhrifameiri hátt þegar við hjálpum hvert öðru til þess.	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála

Tengipunktur 1: Að tengjast huga Jesú í gegnum orð Hans

5	Ég sé Biblíuna eins og eina heildar sögu og ég get útskýrt röð og mikilvægi aðalatriðanna í þessari sögu.	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála
6	Ég get rannsakað Biblíuna sjálfstætt og hjálparlaust.	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála
7	Ég nýt þess að lesa í Biblíunni og hún skiptir mig máli.	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála
8	Ég eyði tíma í að rannsaka og hagnýta kenningar Biblíunnar í mínu lífi.	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála
9	<p>Hversu mörgum mínútum hefur þú varið í að rannsaka Biblíuna á hverjum degi, í síðustu viku?</p> <p> <input type="checkbox"/> Engum tíma <input type="checkbox"/> 15-30 mínútum <input type="checkbox"/> Minna en 5 mínútum <input type="checkbox"/> Meira en 30 mínútum <input type="checkbox"/> 5-15 mínútum </p> <p>Mér finnst þetta nægur tími til að viðhalda mínu sambandi við Jesú.</p>	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála
10	Mér er kunnugt um tilgang, áform og loforð Guðs varðandi sjálfan mig og ég sé hvernig þau virka í mínu lífi.	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála
11	Ég sé skýrt og greinilega hvernig gildin, reglurnar og lögin í Biblíunni búa til lífstíl sem er mjög frábrugðinn því sem ég sé í kringum mig, í minni menningu.	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála

12	Þegar ég les Biblíuna skynja ég kennslu og leiðsögn Heilags Anda.	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála
<p>Tengipunktur 2: Að tengjast hjarta Jesú með því að sækjast effir persónulegu sambandi við hann</p>		
13	Ég er oft meðvitaður um að Heilagur Andi er að benda á hluti sem ég þarf að breyta.	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála
14	Ég held að það að biðja fyrir trúarlegum hlutum sé mikilvægara en að biðja um ápreifanlega hluti.	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála
15	Ég tilbið Guð reglulega í vikunni og það fyllir mig af gleði.	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála
16	Ég sé Guð reglulega svara bænum mínum.	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála
17	Ég fasta þegar ég er að kljást við eitthvað mál eða þegar ég vil dýpra samband við Guði og ég hef séð að það hefur áhrif.	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála
18	Ég sé margar ástæður til að þakka og lofa Guð í lífi míni og annarra.	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála
19	Ég hef venjulega mjög þakklátt viðmót, sem færir mig nær Guði.	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála
20	Ég man venjulega það sem ég hef verið að biðja um.	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála
21	Ég nota Biblíuna til að leiða mig í því sem ég bið um.	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála
22	Ég hef reglulega tíma á hverjum degi til að biðja ein(n) til Guðs.	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála
23	<p>Hversu mörgum mínútum hefurðu eytt að meðaltali í persónulegri bæn til Guðs, á hverjum degi, síðastliðna sjö daga.</p> <p> <input type="checkbox"/> Engum tíma <input type="checkbox"/> 15-30 mínútum <input type="checkbox"/> Minna en 5 mínútum <input type="checkbox"/> Meira en 30 mínútum <input type="checkbox"/> 5-15 mínútum </p> <p>Mér finnst þetta nægur tími til að viðhalda persónulegu og innihaldsríku sambandi við Jesú.</p>	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála
24	Ég veit hvað það er að hafa náð samband við Jesú.	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála
25	Ég þekki það persónulega hvað það er að „elska Drottin Guð þinn af öllu hjarta þínu og af allri sálu þinni og af öllum mætti þínum.“ (5. Mós 6:4, 5)	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála
26	Ég sé að bænin hjálpar virkilega til að styrkja trú mína og traust mitt á Guði.	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála
27	Ég sé að bænin hjálpar mér að standast freistingar.	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála

28	Ég sé að bænin hjálpar mér að þjóna öðrum á áhrifaríkari hátt.	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála
29	Það eru nokkrir hlutir sem mig langar ekki til að tala við Guð um.	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála

Tengipunktur 3: Að tengjast vilja Jesú með því að beygja minn vilja undir vilja Hans

30	Þegar ég þarf að taka ákvörðun spyr ég Guð hvaða ákvörðun ég á að taka.	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála
31	Fyrir utan persónulega tilbeiðlu tíma minn er ég meðvitaður um návist Guðs allan daginn.	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála
32	Þegar ég lendi í raunum og erfiðleikum kemst ég í gegnum þá með frið í hjarta því ég treysti Guði að Hann sjái um allt, svo að það verði mér fyrir bestu.	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála
33	Ég byggi allar ákvarðanir mínar á Biblíulegum meginreglum, ég get útskýrt hvar ég finn þessar reglur í Biblíunni og af hverju ég lífi eftir þeim.	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála
34	Ég tek mér reglulega tíma í að velta fyrir mér hlutum sem eru að koma fyrir mig og ég sé oft hvernig Guð er að vinna í gegnum þessa atburði.	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála
35	Ég er þolinmóð(ur) þegar ég bið eftir að Guð skerst í leikinn eða aðrir, jafnvel þótt að ég myndi vilja að það gerðist strax!	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála
36	Hversu sammála ertu eftirfarandi fullyrðingu, „Ég er sá sem ég vel að vera.“	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála
37	Ég skil mjög vel hvað Jesús átti við þegar Hann sagði: „Hver sem vill fylgja mér, afneiti sjálfum sér, taki kross sinn og fylgi mér.“ (Mark.8:34)	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála
38	Ég veit hvað það er að vera „lifandi fórn“. (Róm.12:1)	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála

Tengipunktur 4: Að tengjast verkum Jesú í fórnfúsri þjónustu

39	Ef einhver spyrði mig af hverju ég væri kristinn gæti ég auðveldlega svarað því.	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála
40	Ég nýti oft tækifæri til að tala um Jesú við fólk sem hefur ekki heyrt um hann áður.	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála
41	Ég veit hvaða gjafir Andans ég hef og ég er mjög virk(ur) í að nota þessar gjafir til að byggja upp kirkjuna mína.	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála
42	Ég ver reglulega tíma með fólki sem þekkir ekki Jesú.	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála

43	Ég ver reglulega tíma í að biðja fyrir fólki sem þarf á hjálp að halda eða hefur enn ekki orðið lærisveinar Jesú.	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála
44	Ég er alltaf tilbúin(n) til þess að Guð noti mig til að þjóna þeim sem þurfa á því að halda.	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála
45	Ég er tilbúin(n) að fórna fyrir aðra, jafnvel fyrir fólk sem særir mig.	Ósammála 1 2 3 4 5 Sammála